



## Fundargerð

**388. fundur** í sveitarstjórn Skaftárhrepps, haldinn í félagsheimilinu Kirkjuhvoli, Kirkjubæjarklaustri kl. 13:00 miðvikudaginn 14. október 2015. Þetta er 10. fundur ársins.

Fundargerð er tölvuskráð af Söndru Brá Jóhannsdóttur, sveitarstjóra og er 6 blaðsíður. Fundurinn er hljóðritaður og verður hljóðritun geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins.

Eva Björk Harðardóttir, oddviti býður fundarmenn velkomna.

Mættir eru undirritaðir sveitarstjórnarmenn. Bjarki Guðnason D-lista boðar forföll, í hans stað mættir 1. Varamaður D-lista Bjarni Bjarnason.

Oddviti óskar eftir breytingu á dagskrá, að við málefnskrá bætist:

I. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

9. Erindi Friðar og frumkrafta. 12.10.2015

10. Styrkumsókn til Kirkjubæjarstofu til Skaftárhrepps v. 2016. 13.10.2015

11. Erindi íbúðalánasjóðs til sveitarstjórnar. 08.10.2015

12. Frágangur á bílastæði við Kirkjubæjarskóla. 30.09.2015.

*Umfjöllun um lið nr. 7 sem færast undir fundargerðir til samþykktar.*

II. Fundargerðir samþykktar

4. 141. fundur fræðslunefndar. 14.10.2015

Dagskrárbreyting samþykkt.

### **Sveitarstjóri og oddviti greina frá gangi mála frá síðasta sveitarstjórnarfundi.**

Sveitarstjóri sendi inn erindi til formanns starfshóps um málefni Skaftár og mun hópurinn koma saman á næstu vikum til að fara yfir stöðu og framhald verkefna. Síðasta hlaup í Skaftá var stærra en áður hefur mælst og mikilvægt að starfshópurinn verði virkjaður að nýju og unnið verði að því að áframhaldandi fjármagn fái til verkefnisins. Mánudaginn 5. október s.l. fóru sveitarstjóri og oddviti í heimsókn á þá bæi í Skaftártungu sem höfðu orðið fyrir hvað mestum áhrifum af völdum Skaftárhlaupsins. Tekið var á móti forsætisráðherra þriðjudaginn 6. október í kjölfar hlaupsins í Skaftá og bæir í Skaftártungu heimsóttir. Efnt verður til upplýsingafundar fyrir íbúa Skaftárhrepps í kvöld 14. október í Tunguseli kl. 20:30 þar sem farið verður yfir áhrif hlaupsins og þau úrræði sem í boði eru fyrir þá sem orðið hafa fyrir tjóni og eru allir íbúar sveitarfélagsins hvattir til að mæta. Sveitarstjórn hitti þingmenn kjördæmisins í lok september þar sem lagt var fram minnisblað yfir helstu verkefni sveitarfélagsins. Fundir voru haldnir með formönnum nefnda sveitarfélagsins þar sem farið var yfir helstu verkefni nefndanna og óskir þeirra vegna fjárhagsáætlunar 2016. Sveitarstjóri sat fund almannavarnarnefndar s.l. föstudag þar sem m.a. var rætt um að uppfæra þyrfti viðbragðsáætlun vegna jökulhlaupa í Skaftá ásamt því að skoða hvaða áhrif vatnabreytingar á Mýrdalssandi geta haft fyrir íbúa Álftavers. Ráðherra húsnæðismála, Eygló Harðardóttir hafði samband við sveitarstjóra þar sem hann hvatti sveitarfélagið til samstarfs við sveitarfélagið Hornafjörð og Mýrdalshrepp til að nýta þær leiðir sem ríkisstjórnin hefur gefið út að farið verði í til að fjölga hagkvæmum og ódýrum íbúðum á leigumarkaði. Framundan er fundur með fjárlaganefnd alþingis ásamt fundi með Umhverfisstofnun þar sem farið verður yfir samstarfsgrundvöll um starf láglandislandvarðar í Skaftárhreppi. Oddviti greinir frá hugmyndum um að viðverutími oddvita á



miðvikudögum fyrir sveitarstjórnarfund verði auglýstur sérstaklega fyrir íbúa til að spyrjast fyrir um efni sveitarstjórnarfunda og þeir sveitarstjórnarmenn sem eiga heimangengt gætu verið til staðar.

## Dagskrá

### I. Málafni til umfjöllunar/afgreiðslu

#### 1. Málafni Skaftárhlaups

Sveitarstjórn hvetur íbúa sveitarfélagsins til að mæta til upplýsingafundarins sem haldinn verður í kvöld 14. október 2015 og nýta sér þau úrræði sem í boði verða. Sveitarfélagið mun beita sér fyrir að úrræði verði í boði fyrir þá sem orðið hafa fyrir tjóni.

#### 2. Erindi frá Aðalbjörgu Jónsdóttur f.h. landeigenda Skaftárdals. dags. 06.10.2015

Sveitarstjórn þakkar bréfitara erindið. Sveitarstjórn tekur undir mikilvægi þess að vegurinn inn að Skaftárdal verði lagfærður og mun fara fram á við ríkisvaldið að fjármagn verði sett í uppbyggingu vegarins.

#### 3. Eigendastefna fyrir Þjóðlendur. dags. 23.09.2015.

Sveitarstjóra falið að vinna umsögn og senda inn til forsætisráðuneytisins.

#### 4. Tilboð frá One system á mála- og skjalakerfi

Vísad áfram til fjárhagsáætlunargerðar 2016.

#### 5. Kjör á fulltrúum Skaftárhrepps á ársþing SASS.

Sveitarstjórn samþykkti með rafrænni stjórnarsýslu 9. október s.l. að aðalmenn á aðalfund Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands verði Eva Björk Harðardóttir og Heiða Guðný Ásgeirsdóttir og varamenn Bjarki Guðnason og Guðmundur Ingi Ingason. Kjörbréf hafa verið send af sveitarstjóra.

#### 6. Fjárhagsáætlun 2016 fyrri umræða

Lögð fram drög að fjárhagsáætlun 2016-2019 og farið yfir helstu forsendur áætlunarinnar. Reiknað er með 4,5% almennri verðlagsbreytingum og 8% almennum launabreytingum sem einnig leiðir til hækkunar á útsvarstekjum. Útsvarshlutfall 2016 verður óbreytt eða 14,52%. Reiknað er með 3% hækkun á fasteignamati samkvæmt endurmati frá fasteignaskrá. Verið er að gera kostnaðarmat á gámavelli, viðhaldi á skólabyggingu og íþróttahúsi. Reiknað er með óbreyttum rekstri málaflokka.

#### 7. Umsóknir um starf skólastjóra tónlistarskóla Skaftárhrepps

Umfjöllun færð undir lið II. Fundargerðir til samþykktar nr. 4.

#### 8. Samningur við Útivist til staðfestingar



*Sveitarstjóra falið að útbúa markmið og vinnureglur fyrir sjóð um leigutekjur í samstarfi við fjallskilanefnd Skaftártungu. Sveitarstjórn staðfestir samninginn.*

9. Erindi Friðar og frumkrafta. 12.10.2015

*Sveitarstjórn þakkar erindið. Ákvörðun verður tekin samhliða fjárhagsáætlanagerð.*

10. Styrkumsókn til Kirkjubæjarstofu til Skaftárhrepps v. 2016. 13.10.2015

*Sveitarstjórn þakkar erindið. Ákvörðun tekin samhliða fjárhagsáætlanagerð.*

11. Erindi íbúðalánasjóðs til sveitarstjórnar. 08.10.2015

*Sveitarstjóra falið að óska eftir fundi með Íbúðalánasjóði.*

12. Frágangur á bílastæði við Kirkjubæjarskóla. Erindi dags. 30.09.2015.

*Sveitarstjórn þakkar erindið. Ákvörðun vísað til fjárhagsáætlanagerðar.*

## II. Fundargerðir til samþykktar

1. 5. fundur atvinnumálanefndar. 23.09.2015

### 1) Fjárhagsáætlun og stefnumótun fyrir árið 2016

*Ábendingum atvinnumálanefndar vísað til vinnu við gerð fjárhagsáætlunar 2016.  
Fundargerð samþykkt*

2. 140. fundur fræðslunefndar 29.09.2015

### 3. Náms- og starfsráðgjafi:

Bréf frá MMR dagsett 15/8 2015

Skv. 3. málsgrein 13. gr. grunnskólalaga eiga nemendur rétt á að njóta náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum. Fræðslunefnd leggur til að Skólalábjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu verði falið að leysa þá þörf sem er fyrir starfs- og námsráðgjöf í grunnskólum á svæðinu.

*Sveitarstjórn tekur undir tillögu fræðslunefndar. Sveitarstjóra falið að koma tillögunni til Skólalábjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu.*

### 4. Önnur mál

c. Leiktæki á leikskólalóð

Fræðslunefnd þakkar foreldrum leikskólabarna fyrir það framtak og frumkvæði að setja upp nýju leiktækin á lóð leikskólans.

*Sveitarstjórn vill einnig koma á framfæri þökkum til þeirra foreldra sem lögðu hönd á plóg við uppsetningu leiktækjanna. Framtakið er sannarlega til fyrirmyndar.*



*Fundargerð samþykkt.*

3. 18. fundur Umhverfis- og náttúruverndarnefndar. 05.10.2015

## **Nr. 4 Fjárhagsáætlun**

Umhverfis- og náttúruverndarnefnd mælist til þess að sveitarfélagið standi fyrir hreinsunarátaki á næsta sumri. Jafnframt var beðið var um fjárframlag til að staðsetja gáma í eina viku í hverju hinna gömlu sveitarfélaga.

*Sveitarstjórn samþykkir að skoða tillöguna samhliða gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2016.*

## **Nr. 5 Ný lög um náttúruvernd**

*4. september 2015*

*Frá nefndasviði Alþingis.*

*Ágæti viðtakandi.*

*Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir yður til umsagnar frumvarp til laga um náttúruvernd (varúðarregla, almannaréttur, sérstök vernd, framandi tegundir o.fl.), 140. mál. Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 8. október nk. á netfangið [nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)*

Umhverfis- og náttúruverndarnefnd leggur til breytinga á 22. Grein 3 málsgrein þar sem stendur:

Utan þéttbýlis skal einungis nota tjaldvagna, fellihýsi, hjólhýsi, húsbíla og annan sambærilegan búnað á skipulögðum tjaldsvæðum og svæðum á óræktuðu landi sem tengjast vegum sem heimilt er að aka og þar sem ekki er hætt á skemmdum á náttúrunni.

Nefndin leggur til að málsgreinin verði:

Utan þéttbýlis skal einungis nota tjaldvagna, fellihýsi, hjólhýsi, húsbíla og annan sambærilegan búnað á skipulögðum tjaldsvæðum, nema með sérstöku leyfi.

Rökstuðningur þessa er að: næturdvöl veldur ónæði á landeiganda og aðra ferðamenn, óþrifnaði vegna úrgangs, ásamt aukinni eldhættu á viðkvæmum landssvæðum. Jafnframt býr náttúra Íslands yfir ýmsum váum til dæmis, jökulhlaup, eldgos, öskufall og óveður. Komi til slíkra náttúrhamfara þurfa viðbragðsaðilar að rýma landssvæði hratt og örugglega og erfitt er að tryggja öryggi þeirra sem dveljast utan merktra svæða.

*Meirihluti sveitarstjórnar (BG, HGÁ og EBH) samþykkti rafrænt þann 8. október s.l. að taka undir umsögn nefndarinnar til nefndasviðs alþingis. Sveitarstjóri hefur sent umsögn fyrir hönd sveitarstjórnar Skaftárhrepps.*

## **6. Áhrif af völdum vatnavaxta og jökulhlaupa í Skaftárhreppi.**

Nefndin hvetur sveitarstjórn til að þrýsta á stjórnvöld og stofnanir til aðgerða vegna þess tjóns sem orðið er vegna vatnavaxta og jökulhlaupa í Skaftárhreppi. Jafnframt mælist nefndin til þess að sveitarstjórn sendi áskorun til stjórnvalda um að Náttúrustofu Suðausturlands verði falin vöktun og rannsóknir á áhrifum hinna ýmsu þátta jökulvatna í Skaftárhreppi. Til dæmis



áhrif Skaftárhlaupa á grunnvatn, gróður, fiskgengd og svifryk sem og breytingar á rennsli jökulvatna og fleira. Setja þarf fram þær sviðsmyndir sem orðið geta ef slíkt hlaup eða jafnvel stærri endurtaka sig og viðbrögð við þeim.

*Sveitarstjórn mun beita sér fyrir því að þeir sem orðið hafa fyrir tjóni að völdum jökulhlaupa og vatnavaxta í Skaftárhreppi fái viðeigandi bætur. Málafni Náttúrustofu Suðausturlands verður tekið upp á fundi með fjárlaganefnd.*

*Fundargerð samþykkt.*

4. 141. fundur fræðslunefndar. 14.10.2015

### **Tónlistarskóli - umsóknir um starf skólastjóra:**

Fræðslunefnd hefur fjallað um umsóknir um stöðu tónlistarskólastjóra og leggur til við sveitarstjórn að staða tónlistarskólastjóra verði auglýst að nýju og að skoðaðar verði aðrar úrlausnir fyrir tónlistarstarf vetrarins.

*Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu nefndarinnar.*

*Fundargerð samþykkt*

*Handwritten signature and initials in blue ink.*

### **III. Fundargerðir til kynningar.**

1. 830. fundur stjórnar sambands íslenskra sveitarfélaga. 11.09.2015. *Fundargerð kynnt.*
2. 28. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu. 28.09.2015. *Fundargerð kynnt.*
3. 17. fundur stjórnar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu. 16.09.2015. *Fundargerð kynnt.*
4. 167. fundur Heilbrigðiseftirlits Suðurlands 24.09.2015. *Fundargerð kynnt.*
5. 498. fundur stjórnar SASS. 02.10.2015. *Fundargerð kynnt.*
6. 15. fundur stjórnar byggðarsamlagsins Bergrisans bs. 15.09.2015. *Fundargerð kynnt.*
7. Fundargerð aðalfundar SSKS. 25.09.2015. *Fundargerð kynnt.*

### **IV. Annað kynningarefni.**

1. Tilkynning frá EBÍ um ágóðahlutagreiðslu. 06.10.2015. *kynnt.*
2. Skógræktarsamningur fyrir Nýjabæ. 22.09.2015. *kynnt.*

Auka fundur sveitarstjórnar áætlaður þriðjudaginn 20. október kl. 17:00 í félagsheimilinu Kirkjuhvoli. Næsti fundur sveitarstjórnar áætlaður miðvikudaginn 11. nóvember kl. 13.  
Fundargerð lesin upp og samþykkt  
Fundi slitið kl. 14:58



  
Eva Björk Harðardóttir

  
Jóhannes Gissurarson

  
Guðmundur Ingi Ingason

  
Bjarni Bjarnason

  
Heiða Guðný Ásgeirsdóttir